

Afrekskonur



Sýningin Afrekskonur stendur nú yfir í Ráðhúsi Reykjavíkur og má þar finna sögu kvennabaráttu á Íslandi sem varpað er fram á fjölbreyttan hátt.

Á sýningunni er gerð grein fyrir framlagi kvenna til íslensks samfélags, persónulegum og pólitískum sigrum, afrekum í hversdagslífi og á opinberum vettvangi. Afrekskonur er samspil margra ólíkra sýninga sem hafa verið settar upp og/eða eru yfirstandandi í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.

Konubókastofa gefur gestum tækifæri til að glugga í bækur um konur og eftir konur.

Í krakkahorninu er hægt að velta fyrir sér spurningum varðandi hlutverk kynjanna og leikföngum í því samhengi.

Á meðan á sýningu stendur verður haldið áfram að safna afrekssögum af konum í gegnum netfangið

afreksyning@reykjavik.is og á www.afrekskonur.is. Sýningin verður opin í september og verða viðburðir allan mánuðinn tengdir afrekskonum. #afrekskonur


na min, Guorun Steinn
ittir, var fyrsta sérmenntaða g



Pálsdóttir skrifar

J. Hagbarð

. Hagbarð var verslunarkona í k á fyrri hluta 20. aldar og rak verslun ífni á Laugavegi 26. Hún seldi ýmsar
vaxandi hlöfnu stölt af heimsabarna



Nemendahópar eru velkomnir á sýninguna og er gott tækifæri til að kynna þeim fyrir afrekum kvenna í gegnum tíðina. Við mælum með að gera verkefni eftir heimsóknina þar sem hver nemandi, og kennari, sendi inn sögu af afrekskonu úr sínu nærumhverfi á

afrekasyning@reykjavik.is.